

NÝTT SAMEINAD VERKALÝÐSFÉLAG KARLA OG KVENNA Á ÍSAFIRÐI – BALDUR SKIPTIR UM NAFN

Nú að áliðnum nóvember 1924 hafa karlar og konur sameinast í fyrsta sinn á Ísafirði — það er að segja sem vinnandi stéttir í sama verkalyðsfélaginu. Má þetta heita fagnaðarefni fyrir alla hlutaðeigandi og bæjarlífið í heild sinni enda ekki lítils vert að kynin taki höndum saman við að ryðja braut verkafólks með nýlunduðu átaki.

Hvort við megum þakka Finni Jónssyni póstmeistara fyrir sameininguna skal ósagt látið, en formennska hans í gamla Baldri síðustu þrjú árin endar sumsé með þessum hætti.

Verkamannafélagið Baldur er ekki lengur til og í staðinn höfum við fengið Verkalýðsfélagið Baldur.

Finnur heldur áfram sem formaður í nýja félaginu en það er ekki lengur frátekið fyrir karlana.

Pótt kona hafi enn sem komið er ekki verið kosin í aðal-stjórn nýja Baldurs kann enginn að vita hvað tíð og tími bera í skauti sér. Hér á Ísafirði eru margar konur skörungar til verka og því ekki ófyrirséð að þetta geti orðið lyftistöng í baráttunni. Verkafólk á almennt ærið nóg með að standa á sínu gagnvart yfirboðurum sínum, svo ekki sé því sundrað eftir kynferði.

Við á *Tíðindunum* hvetjum verkafólkið okkar vitanlega fram til sigurs, konur jafnt sem karla, og óskum jafnframt Verkalýðsfélaginu Baldri og hinum vinnandi stéttum við Djúp til hamingju með nýja nafnið og aukna fjölbreytni í röðum félagsins.

Sólfinna Hinfinnsdóttir, fréttaritari Félagstíðinda í Gjörninngafjöllum undir Digraökli, í nóvember 1924

KAUPDEILA OG VERKFALL Á ÍSAFIRÐI

Kommúnistar hafa enn sem komið er reynst þeir einu sem vilja auka vægi kvenna í stjórn verkalyðsfélagsins. Félagstíðindi taka eftir því að þeim Karítas Skarphéðinsdóttur og Jakobínu Guðmundsdóttur er stillt fram sem kandidateitum í stjórn félagsins, en á nýliðnum fundi hlutu þær þó ekki kjör frekar en aðrir úr flokki kommúnista.

Á þessum nýliðna aðalfundi Baldurs var Finnur Jónsson endurkjörinn formaður í ellefta sinn.

Kommúnistar hafa hins vegar ákveðið að gera andstöðu sína við hin ríkjandi öfl loks kosningabæra á Ísafirði, og bjóða nú opinberlega fram í stjórnaðkosningum gegn jafnaðarmönnum.

Á þeirra fundi eru mættir um hundrað og sextíu manns, sem er hartnær tíundi hver fullorðni einstaklingur í bænum. Ekki víst að allir kjósi þá en það má skynja nokkurn byr með kommúnistum nú um stundir.

Niðri á Eyri ganga tvær manneskjur samstíga í átt að bryggju, en það er ekki víst að þær verði sama sinnis eftir tíu ár.

Það er verið að ræða um kaupgjaldsmálin og tillögur kauptaxtanefndar og vinnu kvenna og unglinga inni í skipum.

Lífið hér á Eyrinni er kol og saltvinna. Uppskipun og boð að ofan, hvort sem þau koma frá fjallinu eða úr spékoppum þeirra sem standa uppi í brú.

...ég var aldrei barn...

Í viðtali sem Margrét Sveinbjörnsdóttir tók við Sigurð Pétursson sagnfræðing í útvarpsþættinum *Ég heiti Karítas Skarphéðinsdóttir* var hann spurður hvort fólk á Vestfjörðum kannaðist almennt við Karítas og framlag hennar. Svar hans var einfaldlega: „Nei“ — almúgakonur frá fyrrihluta tuttugustu aldar eru ekki partur að hinni stóru söguklukkuskífu sem tikkar í rökréttu framhaldi, frá sekúndu, til mínútu og þaðan yfir í klukkutíma, eða frá Jóni Baldvinsyni til Jóns Baldvins Hannibalssonar.

Karítas er hér kynnt sem bæði táknmynd staðar og hugmyndafræðilegs samtíma; hún er líkami konu sem ekki var ætlað að hafa sjálfsýfirráð yfir sjálfri sér. Þannig var skipt á henni og húsi þegar hún var aðeins 16 ára gömul. Femínistinn og heimspekingurinn Rosi Braidotti fjallaði í bók sinni *Metamorphoses* um afleiðingar þess að tilheyra óskilgreindum minnihlutahópi, eins og fullyrða má um Karítas. Þar segir hún líkamann vera miðju hins pólitíska valds, bæði í hinu stóra þjóðhagslega samhengi og í hinu smáa persónulega samhengi. Þetta er sá kraftur sem hagnýtir sér líkama borgaranna til að keyra heimshagkerfið. Fjöldinn er háður valdi þessarar krafta og fer þannig, út frá túlkun Milans Kundera, með hlutverk innskotsins í hinu stóra samhengi valdsins. Kundera fjallar nánar um hugmyndina um innskotið í bók sinni *Ódauðleikanum*:

Innskotið er mikilvægt hugtak í verki Aristótelesar, Um skáldskaparlistina, Aristóteles er lítt hrifinn að innskotinu. Innskotstilburðir eru að hans dómi allra atburða verstir (ef litið er út frá skáldskaparlistinni). Þar sem innskotið er ekki nauðsynleg afleiðing þess sem undan er gengið og hefur engar afleiðingar í för með sér, stendur utan við þá atburðarás sem sagan er.

Ef við skoðum feril Karítasar í þessu samhengi, þá má velja því fyrir sér hvort hún hafi verið undirselð því hlutverki að vera innskot. Það er ljóst að hún tók á ferli sínum meðvitaða afstöðu til eigin lífs og aðstæðna og hún ákvað að leggja sjálfa sig undir sem farveg breytinga. Þetta átti bæði við um persónulegt líf hennar og þau átök sem hún átti í við utanaðkomandi öfl, í átökum hennar gegn valdboði og stofnunum valdsins. Halldór Ólafsson minnst hennar í grein í Þjóðviljanum með þessum orðum:

Karítas mun hafa talist kona í meðaliagi að vexti, grannvaxin og létt í hreyfingum. Hún hélt sig vel í klæðaburði, og fékk fyrir það glósur frá búrakörlum og öðrum, sem töldu að almúgafólk hefði engan rétt til að ganga sómasamlega til fara. Hún var ein af þeim, sem ekki lét baslið smækka sig. Hún kunni vel að koma fyrir sig orði og flutti mál sitt af einurð og festu.

Karítas Skarphéðinsdóttur sem persóna hefur greinilega ekki haft áhuga á því hlutverki sem innskotið býður upp á. Samtal hennar og virkni í umhverfinu hefði út frá því átt að skila henni meiru, eða varanlegum ódauðleika, umsvifalaust og áður en hold hennar náði að hrörna. Hún átti skilinn varanlegan stað á Íslandssöguklukkuskífunni.

Kundera gengur út frá forsendum Aristótelesar, en bætir síðan við þessu: „Ekkert innskot er fyrirfram dæmt til að vera innskot til eilífðarnóns, því hver atburður, jafnvel sá allra ómerkilegasti, býr yfir þeim möguleika að geta seinna orðið orsök annarra atburða, og breytast á þann hátt í sögu, ævintýri.“

Ekki geri ég ráð fyrir að Karítas hafi ætlað að skilja eftir sig ævintýri, en sögu skildi hún eftir, sögu sem við hjá Byggðasafni Vestfjarða leggjum okkur fram við að segja í nýrri grunnsýningu safnsins. Hér reynum við að koma til skila samtali hennar við ráðandi öfl, samtali sem skilaði árangri til skemmri og lengri tíma í formi bættra lífskjara fyrir hönd vinnandi stétta. Söguklukkuvísunum er hér beint að konu sem átti ekki að vera neitt nema innskot — sem „hefur engar afleiðingar í för með sér, stendur utan við þá atburðarás sem sagan er — en tók í staðinn frumkvæði í viðleitni sinni til að stjórna eigin lífi. Með þessu átti hún þátt í að skapa rekjanlega atburðarás — ævintýri sem tikkar í rökréttu framhaldi frá Karítas Skarphéðinsdóttur til Bjarkar Guðmundsdóttur.

Helga Þórsdóttir, sýningarstjóri.

Matartími er frá 12-13.30 og dregst þá einn tími af vinnutímanum, en háltíminn skal greiddur.

Flestir nýta þessir stundir til að sitja á bakkanum og snakka saman eða fara heim og kíkja á börnin sín. Krakkarnir hér í bænum fara oft mörg saman í flokkum upp í fjall að skoða ber eða snjóskafla, allt eftir því hvað árstímanum liður, og standa foreldrarnir þá oft saman um það í matartímunum að halda vakt um þetta litla stóð, ef börnin eru þá ekki bara að bauka niðri á bryggju.

Kaffitímar eru tvisvar sinnum kortér, klukkan 9 og klukkan 3.30, án frádráttar á kaupi.

Að fá éta í friði í kaffitímum er í rétttri raun mikill sigur fyrir verkafólk hér á Ísafirði. Fólk hefur leitað sér þess í kaffitímum í gegnum tíðina að fá andartaksfrið frá búkka og bryggju með því að setjast á stein við sjóinn, svona í tveggja mínútna göngufjarlægð frá verkhúsinu.

Um þetta hefur aldrei verið samið að ráði en nú er komið betra mót utan um vinnutímann. Fólk má velja sér stað í sínu hléi. Sumir finna meiri eirð í því að fá sér göngutúr milli húsanna í bænum og reykja þá margir tóbak á fortóum eða skjótast inn í hús til sinna nánustu.

Í öllu falli er nokkuð ljóst að vinnuafl hér á Eyrinni notar friðinn sinn á þeim stað sem það er kallað til. Fæstir sætta

sig lengur við að vera skipað á bás til að láta ofan í sig saðninguna og byrja svo samstundis að vinna.

Eyri er aldrei afdráttarlaus með úrbætur, fremur en annað undirlendi á þessari jörð okkar yfirhöfuð. Báðar tvær munu láta okkur halda áfram að vinna fyrir saltinu á meðan nokkur lífskraftur er í fólki hér. Málið snýst um að fólk fái mannsæmandi kaup og geti sest niður yfir kaffinu og soðningunni.

Eftir langan fund og þref um fjöll og brauð gerir Verkalýðsfélagið Baldur kröfur um atvinnubætur á vegum bæjarins. Hinn 14. september 1931 er haldinn fundur í Baldurssölum um atvinnumálin og kreppuna. Karítas Skarphéðinsdóttir er kosin í 7 manna nefnd til að safna upplýsingum um atvinnuleysi í bænum. Margir mæta á hennar fund. Jafnvel þeir sem vinna mikið vilja fá meiri vinnu og finnst oftast en ekki eins og þeir séu atvinnulausir.

Bjarkur Hinfinnsson fyrir Félagstíðindi við Djúp,

frá Raflokafríði í Teigskógi, 1932

Bifreiðastjórar!

Get útvegað ykkur bílagúmmí.

Áður en þið festið kaup an-narstaðar skuluð þið tala við mig.

Sigurður Hannesson.



VERKFAÐ SKALL Á 1. MAÍ

Saltfiskur þykir ekki síður smakkast vel í Portúgal en beint upp úr bryggjutrognum hér vestra. Nú hefur þorskur í ýmsu verkuðu formi verið helsta útflutningsvara okkar Íslendinga um aldir. Hafa þessum útflutningi einatt fylgt deilur um kaup og kjör hjá löndunarfólki og þeim sem verka afurðina til sölu. Það þarf ekki að vera leiðinlegt að vinna í saltfiski enda hafa margir verkamenn lýst gleði sinni þegar vel fiskast og þeirri stimmung, eins og það kallast á erlendum málum, sem myndast við löndun.



ENGINN veit sína æfina fyr en öll er. **ALLIR** deyja einhverntíma, en enginn veit hvenær.

Enginn skyldi óvátryggður deyja.

Tryggið yður í T H U L E

Umboðsmaður: Steinn Leós.

Ekki spillir þá fyrir að rýr budda verkafólksins þyngist um skeið. Því fylgir gleði að skapa sér mannsæmandi líf og eiga fyrir salti í grautinn. Svo má alltaf þræta um það hversu saltur grauturinn á að vera. Útgerðin er gjörn á að benda verkafólkinu á að það sé frekar hollt að salta temmilega en of mikið. En þó lifir enginn lengi sér til ánægju á bragðlausum graut. Baráttan er eilíf.

Að morgni 1. maí síðastliðins var reynt að fremja verkfalls-brot hjá Togarafélagi Ísafjarðar við breiðslu saltfisks, en vinna var stöðvuð. Þetta er í fyrsta sinn, á þrítugasta og öðru ári 20. aldar, sem haldið er upp á baráttudag verkalýðsins á Ísafirði með útifundi. Fólk vill sýna samstöðu og leggja niður vinnu til að mótmæla bágun kjörum. Af því tilefni komu nær fjögur hundruð manns saman á hinum ýmsu tengdu samkomum á Ísafirði, að kvöldi verkalýðsdagsins.

Lítill hópur vinnufólks neitaði eins og áður sagði að leggja niður störf sín en það var skjótt leyst úr málum. Bara örfáir þorskar fengu sína skömmu frægðarstund á bryggjunni áður en vinnu var aftur hætt.

Og hvernig lagðist svo kvöldið í fólk *Félagstíðinda*? Allt fór að mestu leyti vel fram og var ánægjulegt að sjá gleðina í svipum fólks sem fagnaði ekki aðeins sínum hátíðardegi heldur líka komu vors og sólar eftir dimman vetur á Eyrinni.

Verkalýðsfélagið Baldur stóð fyrir fundi í samstarfi við kommúnista, en kommúnistar og jafnaðarmenn héldu hvorir sína skemmtun um kvöldið.

Nú er mikil ásókn í verkalýðsfélagið og nýtti fjöldi fólks tækifærið á frídegi sínum til að skrá sig. Eftir því sem á liður maí eykst fjöldinn jafnt og þétt.

Þar sem þessi frétt er skrifuð, á fundi Baldurs þann 7. maí 1932, eru 210 manns komnir saman. Karítas Skarphéðinsdóttir tekur rök til máls og hvetur til þess að ekkert verði gefið eftir af kröfugerðinni um sæmilega saltan graut. Hér ríkir mikil samstaða um hennar málflutning. Félagstíðindi óska öllu verkafólki við Djúp til hamingju með vorkomuna á Ísafirði.

Sólynja Maltey Hinfinnsdóttir á Maltusarjörð við Djúp, fyrir Félagstíðindi á hátíðarfundi Baldurs á Ísafirði, í maí 1932

JAFNAÐARMENN HALDA ÖRUGGUM FORYSTUTAUMUM Í BALDRI - FINNUR JÓNSSON LÆTUR AF EMBÆTTI

Tímarnir breytast og eftir langa setu sem formaður í stjórn Verkalýðsfélagsins Baldurs hefur Finnur Jónsson nú látið af embætti.

Samhliða framkvæmdastjórn í Samvinnufélagi Ísfirðinga, helsta útgerðarfyrtækisins í bænum, hefur Finnur gegnt bæjarfulltrúastöðu síðustu ár og verið mörgu vinnandi fólki trúnaðarmaður á margs konar vettvangi í bæjarlífinu.

Við Félagstíðindafólk horfum út á haf og reynum að gera okkur í lund breytingarnar sem af þessu kunna að hljóta. Kannski breytist ekki neitt. Það er slagkraftur innra með fólki hér og ýmsir horfa til framtíðar og sjá ekkert annað en möguleikana á Eyrinni og lífið á þessum litla reit, þar sem okkur er gert að koma saman.

Við gleymum því inni á milli að við erum sumpart blessuð hér á meðan við fáum að borða og höfum í okkur afl og langanir til að vera góð hvert við annað.



Á meðan atkvæðin halda áfram að streyma inn í kassana á hinum pólitísku fundum er líka stöðugt lífsmark með fólki í praktíkinni.

Við sem göngum niður Eyrina og skráum fréttir sjáum þetta stundum utan á okkur. Fólk vinnur af dugnaði, og svo vill það finna eitthvað annað en lyktina úr fjörunni þegar það kemur heim.

Ísfirðingar óska sér góðra bústaða yfir höfuðið og hefur þeim líka að öllu leyti tekist vel með byggingar hér síðustu ár. Líklega er þetta glæsilegasti kaupstaðurinn á jafn norðlægri breiddargráðu nú um stundir. Við á Félagstíðindum höfum ekki komið til Prándheims eða bæjarstýkkja á sléttum Kanada, en skjótum þessu með í fréttinni af því að okkur sýnist bæjarlífið vera með eindæmum gott og ekki síðra en á Siglufirði.

Sumum okkar hér vestra dettur stundum í hug að það væru í því þægindi að hafa aukið hnoð og mör og kaffi til handartaks. Að því álitamáli snýst nú líka baráttan, hvernig skipt skal á milli.

Við sjáum hvað setur í bæjarpólitíkinni. Hannibal Valdimarsson er búinn að fá tilfærslu úr Verkalýðsfélagi Álftfirðinga í Baldur og hefur nú verið kosinn formaður félagsins með 118 greiddum atkvæðum. Ragnar Guðjónsson frambjóðandi kommúnista fékk 27 atkvæði í kosningunni.

Kannski er þó tíðindamest í þessu að Sigrún Guðmundsdóttir hefur fyrst kvenna verið kosin í stjórn félagsins, sem fjármálaritari.

Angus Hinfinn Sólynjason, á Maltusarjörð við Djúp, 1932

KONUR GERAST ÁHRIFAMEIRI Í VESTFIRSKU VERKALÝÐS- FÉLÖGUNUM

Nú hefur það gerst sem við veltum vöngum yfir fyrir ekki svo löngu síðan hér á síðum *Félagstíðindanna*, hvort ekki mætti sjá fyrir sér að konurnar sem gengu inn í Baldur um miðbik síðasta áratugar kæmust einhverjar í stjórn félagsins. Barátta þessara kvenna fyrir auknu vægi innan stjórnar hefur ekki verið átakalaus en niðurstaðan sem nú blasir við má vera margri konunni fagnaðarefni sé horft aftur í tímann og þeirrar viðteknu hefðar að karlmenn fari með yfirboð í stjórnnum slíkra félaga. Nú loksins virðist sem svo að þetta megi heita liðin tíð.

Eftir að hafa verið fulltrúi verkakvenna í samninganefnd félagsins í hörðu verkfalli Baldurs í febrúar árið 1926 hefur Sigrún Guðmundsdóttir farið mikinn innan stjórnar síðustu árin og meðal annars setið sem fulltrúi í varastjórn árin 1927, 1928 og 1931. Þá hafa þær Jakobína og Þóra Guðmundsdætur einnig verið áhrifamiklar. Báðar voru þær kosnar í stjórn Verkalýðsfélags Hnífsdælinga árið 1927, þegar félagið háði verkfall fyrir tilverurétti sínum. Við þetta má bæta að Karítas Skarphéðinsdóttir var kosin í kaup-taxanefnd félagsins í mars 1930.

Hinfinnur Fálki Hinfinsson, fréttaritari Félagstíðinda í Veturhólmum við Ystustrendur, sumarið 1932

FÁTÆKRAMÁLIN Í ALGLEYMINGI – 127 SVIKARAR KYRJA SINN SÖNG VIÐ HIMINTUNGL

Enn einu sinni eru fátækramálin til umræðu hér í bæjarfélaginu. Fólk fæðist, og svo verður það fátækt. Það eru allt of mörg dæmi um þetta.

Hinn 16. janúar síðastliðinn tók Karítas Skarphéðinsdóttir verkalýðsskörungur framhaldsumræðu um fátækramálin inni í bæjarstjórn og átalði þar Hannibal Valdimarsson fyrir linkind við íhaldið.

Foreldrar!

Munið að skilyrði fyrir heilsu barna ykkar er, að þau fái yfir vetrarmánuðina nægilegt af góðu lýsi. Ódýrast og best hjá


Halldóri M. Halldórss.

Kryddvörur allsk.

Syltutau,
Sælgætisvörur o. m. fl.
frá M. TH. S. Blöndal
Reykjavík.

Ávallt fyrirleggjandi í heildsölu hjá undirrituðum.

Gnöm. Pétursson.



Við þurfum sterkari mótspyrnu við auðvaldið voru ekki bein orð Karítasar, enda getum við ekki haft þau hér beint eftir, en þau voru á þessa lund. Á móti steig Hannibal og vítti tillögumenn kommúnista.

Maður fæðist, og maður verður fátækur, og svo samþykkir maður á endanum það sem maður hefur jafnvel lengi barist gegn.

Á endanum gáfu kommúnistar eftir í andstöðu sinni við dagskrártillögu jafnaðarmanna og var hún samþykkt með nokkrum yfirburðum inni í bæjarstjórn.

Hinn staðfasti lýtur þó sjaldnast örlögum sínum þegjandi þegar hann sér að betur hefði getað farið.

Við niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar steig Helgi Hannesson fram með nokkrum illmælum og bað andstæðinga hins fulla réttlætis að súpa hel, fyrst þeir hefðu ekki í sér kjark til að lepja á öðrum drykk.

Fram að þessu hafði fundurinn farið fram í friðsemd og fundarsköpum og settum reglum í öllu hlýtt en nú brast allt

fram í hrópum upp í himintungl og var þá innan stundar úti um allan fundafrið.

Formaður mátti hafa sig allan við að mæla fram nokkur orð og lýsa atkvæðagreiðslunni.

Er hann hafði það gjört stóð upp Jón Jónsson klæðskeri og lýsti því yfir að verkalýðssvikararnir í félaginu væru 127.

Sólynja Maltey Hinfinnsdóttir á Maltusarjörð við Djúp, fyrir Félagstíðindi árið 1933

Þótt allir

flokkar rífast um alla hluti, eru þó allar húsmæður sammála um það, að best sé og notadrýgst að nota alltaf **sólar - og stjörnusmjörliki** til viðbits og bökunar.



KARÍTAS SKARPHÉÐINSDÓTTIR OG ÞRÍR AÐRIR KOMMÚNISTAR REKNIR ÚR BALDRI Á AÐALFUNDI 1934

Sá margendurtekni atburður átti sér nýlega stað hér við Djúp að fólki varð heitt í hamsi. Við kennum vitanlega Hamsinum um. Hann á ekki að fá að ylja sér í sólinni því þá verður fólki allt of heitt.

Við hér á Ísafirði og raunar víðast á Vestfjörðum erum mjög von kulda og bara kunnum ekki að haga okkur þegar fuðrar upp í Hamsa gamla. Svo skammastu þín Hamsi, hafðu bágst fyrir!

Málið snýst annars um það að hinn 30. janúar síðastliðinn, á þessu skýtna ári 1934 sem virðist ætla að keyra allt meginlandið um koll — Hamsi forði okkur frá því — þá var haldinn aðalfundur í honum Baldri okkar, verkalyðsfélaginu.

Eftir skýrslu stjórnar og reikninga og á undan stjórnarkjöri var á dagskrá stutt erindi.

Guðmundur Guðjónsson talaði um nýafstaðnar bæjarstjórnarkosningar og „þátttöku og framkomu kommúnista í ýmsum málum, og taldi hann þá hafa unnið ærið skemmdarverk gegn verkalyð þessa bæjar.“

Fólk mætir sjaldnast á svona fundi nema til að rífa kjaft eða puðra úr sér einhverjum reyk eftir að hafa lent á of súrum blóðmör eftir langan vetur í kotinu heima hjá sér, en það er annað mál.

Það var komið að stjórnarkjöri og komnir fram tveir listar jafnaðarmanna og kommúnista. A-listi Hannibals og félaga fékk 177 atkvæði og B-listi kommúnista fékk 35 atkvæði.

Kommúnistar hefðu kannski mátt segja sér þetta sjálfir með því að velja sér stafrófstákn svona beint á eftir jafnaðarmönnum. Fólk gleymir ekki svo gjörla gömlu einkunnaspjöldunum sínum. Það þarf staðfastan einstakling til að velja frekar B en A þegar valið stendur á milli svo nafnkunnra stafa.

En nú á þessu furðulega heimshjaraári, 1934, skipa semsagt stjórn Baldurs eftirfarandi einstaklingar: Hannibal Valdimarsson formaður, Sigrún Guðmundsdóttir varaformaður, Sverrir Guðmundsson ritari, Halldór Ólafsson eldri, gjaldkeri, og Jón Brynjólfsson fjármálaritari.

Í kosningum í aðrar stöður og nefndir fengu kommúnistar 23-27 atkvæði. Það má því líklega svo heita að baggi þeirra sé ekki bragðgóður tryppunum sem vilja bíta sér gras á lendum þjóðmála hér við Djúp nú um stundir.

Eftir kosningarnar unnu sér enda margir færir á að gera grín að þessu afhróði. Stefán Stefánsson, sem við þekkjum betur sem Stebbi skó, fór mikinn í gríni sínu fyrir hönd jafnaðarmanna en var þó svarað fullum hálsi af kommúnistunum Guðmundi Guðmundssyni og Eyjólf R. Árnasyni. Margi r töluðu oftar en einu sinni. Okkur á Félagstíðindunum verður aftur hugsað til Hamsa.

Þetta var aftakafundur sem endaði illa fyrir marga sem þó hafa unnið ötulum höndum fyrir þetta bæjarfélag með öllum sínum lífskrafti. Eyjólf R. Árnasyni, Halldóri Ólafssyni frá Gjögri og Karítas Skarphéðinsdóttir var vikið úr Verkalýðsfélaginu Baldri ásamt Jóni Jónssyni klæðskera. Eflaust verður þeim ekki kápan úr því klæðinu síðar, þeim forhertu í flokki jafnaðarmanna, en svona er lífið, góða fólk við Djúp. Við tökumst á og sumir vinna og sumir tapa.

Sólfína Hinfinnsdóttir, fréttaritari Félagstíðinda í Gjörningafjöllum undir Digrajökli, að febrúarnóttum 1934



KOMMÚNISTI INN Í BÆJARSTJÓRN

Það gerðist hér haustið 1933 að Eggert Þorbjarnarson sneri aftur til Ísafjarðar eftir að hafa haldið í Austurveg og sest á skólabeck í Sovétríkjunum. Þessu var ekki alls staðar vel tekið á meðal bæjarfólks. Sumir tóku því hreinlega illa.

Í desember 1933 var inntökubeiðni Eggerts í Baldur hafnað í atkvæðagreiðslu á fundi félagsins og var ástæðan ekki síst sú að Eggert hafði þá áður verið nýlega rekinn úr Verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík.

Afstaða Verkalýðsfélagsins Baldurs var sú að bæði félögin, Baldur og Dagsbrún, væru aðildarfélagar að ASÍ. Því þyrfti Eggert að hreinsa sitt borð fyrir sunnan áður en strokið yrði af nýjum fleti fyrir hann hér vestra.

Bæjarstjórnarkosningar fóru fram á Ísafirði í ársbyrjun 1934. Þrír listar komu fram, listi Alþýðuflokks, Sjálfstæðisflokks og Kommúnistaflokks.

Í flokkum þessara þriggja voru það kommúnistar sem ollu mestum titringi. Jafnaðarmenn höfðu ekki miklar áhyggjur af fylgi Sjálfstæðismanna í bænum og því stóðu átökin einkum um það hversu mikið kommúnistar gætu tekið frá þeim.

Áðurnefndur Eggert Þorbjarnarson, rótgróinn félagi í starfi kommúnista á Ísafirði, hafði semsagt verið sendur hingað vestur í haust til að leiðrétta villur í starfinu í heimabænum. Hans fyrirskipaða hlutverk var að taka forystu í flokksmálum kommúnista í kaupstaðnum eftir gott gengi á framboðslistunum í bænum fyrir tveimur árum. Með reynsluna úr Austurvegi höfðu ýmsir von um að Eggert hefði mikið fram að færa. Svo voru aðrir sem horfðu á hitt.

Eggert komst inn í stjórn og er nú kominn í oddaaðstöðu í karpinu um völdin hér í bænum. Hann neitar að styðja fulltrúa Alþýðuflokksins í kosningum í stöður og nefndir bæjarins. Kys frekar sjálfan sig eða situr hjá. Við hjá *Tíðindunum* hugsum um tjaldfuglinn sem trítlar um túnin, þegar við fylgjumst með þessu. Tjaldurinn stendur með sér og hreiðri sínu en nennir heldur engu veseni þegar hann er eltur.

Að afloknu bæjarstjórnarmúðri er komið í ljós, árið 1934, að Sjálfstæðismenn vinna hlutkesti sem varpað er á milli þeirra og Alþýðuflokks.

Tjaldurinn vappar fríður um túnin með sinn hárauða gogg. Það verður fjör uppi í fjalli þegar ránfuglarnir verða pirraðir.

Angus Hinfinn Sólynjason,
á Maltusarjörð við Djúp, 1934

Aðeins ein leið fær,
ef þú, verkamaður, vilt að hagsmunamálum
þínum sé hreyft i bæjarstjórninni — **kjósa**
lista! Kommúnistaflokksins —
B-listann ,

FJÓRMENNINGARNIR SEM VORU REKNIR ÚR BALDRI FÁ AFTUR INNGÖNGU Í FÉLAGIÐ KARÍTAS SKARPHÉÐINSDÓTTIR HLÝTUR NÆR EINRÓMA KOSNINGU

Eins og flestir vita sem fylgjast með bæjarlífinu og stéttamálum hér við Djúp var fjórum mönnum fyrir ekki svo margt löngu vísað úr Verkalýðsfélaginu Baldri. Þeir Halldór Ólafsson frá Gjögri og Eyjólfur R. Árnason eru á meðal fjórmennanna sem lentu upp á kant við aðra félagsmenn og voru síðan gerðir brottrækir við litla hrifningu þeirra tveggja.

Nú virðist löðin ögn ljúfari og mennirnir búnir að fá inngöngu sína í félagið samþykkt að nýju. Þetta mun hafa gerst fyrir réttu hálfu ári, í árslok 1934, þegar leynileg skrifleg kosning tókst á um málið með fenginni niðurstöðu. Það nýjasta af fréttum Baldurs sem *Tíðindunum* þykir markvert að segja frá að þessu sinni er síðan að Karítas Skarphéðinsdóttir, þekkt baráttukona hér vestra, var samþykkt inn í félagið nú í maí með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur. Félagstíðindi óska Karítas til hamingju með kosninguna.

Sólfinna Hinfinnsdóttir, fréttaritari Félagstíðinda í Gjörningafjöllum undir Digraökli,, í júní 1935.

ATVINNUMÁLIN, ÁFENGISMÁLIN, KOMMÚNISTAR OG JAFNAÐARMENN

Eitt er það sem virðist ganga öðru fremur á milli fólks hér á landi, þrátt fyrir margs konar viðleitni á flestum sviðum þjóðlífsins til að standa saman, og það er áfengismisnotkunin.

Eins og við vitum öll hefur það lengi tíðkast inn til sveitanna og í kaupstöðunum, hið minnsta síðan á síðustu öld, að efna til bindindisfélaga. Hafa félög þessi oftast en ekki verið þjóðþrifafélög enda einatt skipuð dugnaðarfólki sem sér sinn kost hagari í því að leggja af sitt áfengispamb, ellegar deyja drottni sínum.

Er í þessu efni skemmst að minnast einingu margra manna í Hvítársíðu og vestur í Hnappadal upp úr miðri síðustu öld, um að hætta brúkun. Þetta var á þeim dögum þegar útlenskir laxveiðimenn tóku á flytja sig hingað vestur eftir, einkum frá Bretlandseyjum, og benda um leið á ný atvinnutækifæri.

Samhliða bindindisfélögunum hófst mikil uppbygging víðsvegar í Borgarfirði og leitaði hún þá með nýrri þekkingu hingað vestur í Djúp. Það var svosem allt á uppleið víða þá en þetta kann að hafa lagt nokkuð til hjá mörgum, að fara í fylu við líkjör.

Við fellum enga dóma um það hér á *Tíðundunum*. Rifjum þetta bara upp úr gömlum fréttum og því sem nú er að gerast í bæjarlífinu á Ísafirði.

Nú þræta menn nefnilega sem engu fyrr enn um áfengið, hinn ljúfa hegri óminnis sem gerir sumt fólk þræla andskotans. Við freistumst ekki til að kenna áfenginu um deilurnar sem nú standa á milli kommúnista og



jafnaðarmanna, en þeir hnakkrífast þó fyrir opnum tjöldum um brennsann eins og menn sem komnir eru vel niður í landabréða.

Fram til 1932 hefur samstarf jafnaðarmanna og kommúnista í Baldri verið þolanlegt og kommúnistar kosnir í nefndir á vegum félagsins með jafnaðarmönnum. En eftir 1932 hefur harðnandi afstaða kommúnista gagnvart jafnaðarmönnum og gagnrýni þeirra á „verkalýðssvikara“ og „handbendi auðvaldsins“ innan verkalýðshreyfingarinnar aukist.

Með ýmsum tillöguflutningi og málf lutningi reyna kommúnistar að afhjúpa jafnaðarmenn í forystu félagsins og jafnframt innan bæjarfélagsins, sem þjóna yfirstéttarinnar en ekki raunverulega baráttumenn verkafólks.

Á móti harðnar mjög afstaða jafnaðarmanna í garð kommúnista. Þeim er haldið utan við öll trúnaðarstörf í félaginu og hvergi hleypt að. Öllu samstarfi um hreyfingarmátt á 1. maí er til dæmis hafnað.

Jafnaðarmenn breyta tillögum kommúnista þar sem sneytt er að forystu bæjarins til að draga úr gagnrýni, eða fresta málum og koma með nýjar tillögur á næsta fund, þar sem þeir hafa safnað liði og tryggt öruggan meirihluta á fundum. Kommúnistar eru mjög skipulagðir, undirbúa fundi í Baldri með sínum félögum og bera fram tillögur um atvinnubætur og réttindi þeirra sem þiggja þurfa sveitarstyrk.

Þegar rætt er um áfengismálin virðist svo stundum sem ræðumenn reyni að yfirtrompa hver annan í andstöðu sinni við áfengið. Tungurnar eiga það þá til að ganga svo úr fólki að helst mætti halda að ræðumenn ætluðu sér að sleikja fortóin í næstu götu. Þegar tungulipurðin gerist svo hatrömm er hætt við því að fólk missi marks. Ósamstaða um mál sem fólk er þó sammála um ætti ekki að vera jafnaðarfólki sæmandi, hvort sem það telur sig vera kommúnista eða endurskoðunarsinna.

Verkalýðsfélagið Baldur setti á aðflutningsbann á áfengi til Ísafjarðar árið 1930 og hélt því til streitu í hálft ár. Í ársbyrjun 1931 var gert samkomulag á milli forstjóra Áfengisverslunarinnar og Baldurs um hve mikið magn

áfengis mætti flytja til bæjarins og selja þar í áfengisbúðinni. Gilti þetta samkomulag í þrjú ár, þangað til að almennu áfengisbanni var aflétt eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um málið í október 1933. Sjaldan muna Tíðindin eftir öðrum eins fögnuði og þann dag. Við erum ekki ólík öðrum þjóðum í því að við viljum brauð og leika. Líklega ættum við þó að geta sameinast meira um aðferðirnar til þess að njóta þeirra.

Ekki hefur Baldursfélögum til dæmis tekist að stöðva viðleitni fólks til að hleypa áfengisvandanum yfir bæinn. Og ekki sitja jafnaðarmenn að þambi á meðan. En svo virðist sem að þetta sé þægilegt þrætuepli. Gerjað þrætuepli jafnvel, svo við Tíðindafólk sendum nú einn brandara til lesenda okkar.

Við tökum þó undir með Verkalýðsfélaginu Baldri þegar það skorar á alla góða Ísfirðinga að sýna þroska í þá mund sem sterku vínin flóa yfir bæinn. Þetta gera jafnaðarmenn líka. Enginn vill að bærinn verði vettvangur ófarsældar og vangiftu, eins og gerðist skamma hríð þegar banninu var aflétt 1934. Í atkvæðagreiðslunni um þetta voru 70% Ísfirðinga á móti því að aflétta banninu. Meirihluti landsmanna samþykkti það hinsvegar.

Nú hefur Karítas Skarphéðinsdóttir, sú kjarnakona, haldið forystu Baldurs við efnið í áfengismálunum og varað okkur öll við því að það kann að reynast dýrkeypt að gefa eftir í baráttunni við vínbölið. Sýnum styrk og hóf, Ísfirðingar, og munum það að skugganum léttir alltaf af fjallinu sama hvað við reynum að rífast um einmitt það.

Hinfinna Mávus Thorsdóttir, fréttaritari Félagstíðinda á Sumarsinnajörðum við Djúp, vorið 1936

Hefi nú sérlega góðar rófur og kartöflur

á boðstólum fyrir þá sem vanta.

**Ennfremur úrvals hangikjöt og
margt fleira ætt og óætt.**

Góðar vörur, afar gott verð.

Kr. H. Jónsson.

TVEGGJA VIKNA VERKFALL! MINNI LAUNAMUNUR KARLA OG KVENNA Á ÍSAFIRÐI EN Í REYKJAVÍK.

Peir eru stórir herrarnir í höfuðstaðnum sem telja kyn-bræður sína eiga að fá hart nær tvöföld laun á við konurnar í verkavinnunni. Suður við sundin blá eru bátarnir margir stórir, og þeir sigla um stór og mikil höf og er stýrt af vöskum drengjum. Svona er staðan líka hér á Ísafirði, en við kunnum þó að meta konurnar okkar í verkastétt ögn betur en þar syðra.

Fréttir hafa svosem lengi borist hingað á útnárann af súfragettum og Rósu nokkurri í Lúxemborg og jafnvel svisslenskum karlmanni, sem öll halda því fram að við séum kúnstugt kyn, mannkyn, að meta ekki launa allra jafnt. Þau segja með öðrum orðum að skaffa ætti öllum sama skóinn undir skrok-kinn sinn, á sömu kjörum, svo lengi sem hann hleypur eftir bryggjunni, og þá af hvoru kyninu sem skrokkurinn er.

Veruleikinn er þó ekki þannig, hið minnsta ekki enn sem

komið er. Hver veit hvað háloftafólk sem gónir ofan í endi-langt Atlantshafið úr flugvél komi til með að gera í framtíðinni. Þeirri spurningu er enn ósvarað, en staðreyndin er sú að hér á Ísafirði fá konur um þrjá fjórðunga af launum karlmanna, á meðan að Reykvíkingar borga konunum aðeins rúma tvo.

Þetta er ekki vegna þess að karlarnir hér vestra eru minni menn en þeir í Reykjavík, heldur fremur vegna þess að fólkið hér hugsar stærra og réttlátara. Það er engri manneskju guðsgjöf í vöggu að vera ætlað starf við erfiðisvinnu. En eigi uppbygging að eiga sér stað þá þarf að vinna að henni hörðum höndum, og það oft á tíðum mikið. Það á jafnt við um karla og konur.

Marga konuna höfum við hér á *Félagstíðundunum* séð sem bætir upp minni líkamsvöxt í hlutfalli við karlmann með þeim mun meiri skörungsskap. Að kauptaxti sé ætlaður út frá kílóavís launapiggjandans þykir okkur augljóslega vera meiri firra hér vestra en þeim syðra. Hnöttóttur karl með bringuspik er ekki alltaf sú hamhleypa til verka sem við þykjumst sjá í samanburði við kvika stúllku.

En nú erum við sumsé að venjast því að konur þokist í átt til þess að verða launjafningjar karlanna. Eflaust á tveggja vikna verkfallið sem nú er nýliðið sitt að segja í því. Þær gengu bara út og höfðu engan frekari bilbug á því. Enginn unir við lognmollu í verkalýðsbaráttunni við Djúp.

*Hinfinnur Fálki Hinfinnsson,
fréttaritari Félagstíðinda í Veturhólmum við Ystustrendur, 1936*



EGGERT ÞORBJARNARSON FLYTUR AFTUR TIL MOSKVU TIL STARFA FYRIR KOMINTERN HALLDÓR ÓLAFSSON FRÁ GJÖGRI. TEKUR VIÐ SEM BÆJARFULLTRÚI KOMMÚNISTA.

Mörgum þykir sýnt að kommúnistar séu andstæðir fasísmannum og vilji allt til þess vinna að verkalýðurinn sameinist gegn þeim djöfulgangi og ofríki sem þrífst í sumum löndum líkt og náttúruöfl á þessum myrku tímum í heimsmálunum. Eggert Þorbjarnarson er fluttur til Moskvu til að starfa fyrir Komintern og hafa kommúnistar þar með misst feitan spón úr aski sínum hér á götum Ísafjarðar.

Það er stundum talað um að sól setjist seint ef einhver nennir að horfa á hana. Við Ísfirðingar þekkjum þetta, gjarnir á að færa okkur undan fjalli ef svo ber undir, til að elta geisla sólarinnar.

Nú er Eggert farinn sinn veg og sér eflaust mikla sól bíða sín á nýjum vettvangi. Við óskum honum til hamingju og velfarnaðar á nýjum slóðum í baráttu sinni fyrir sósíalismann.

En við eigum líka fleira fólk. Sumt fólk jafnvel sem gefur hundaskít í það hvernig fjallið er viðsnúið sólinni á hverjum degi. Hér á Ísafirði er það nefnilega ekki sólin sem hreyfist. Allt veltur á viðmóti fjallsins. Við kunnum vel að meta Kóperníkus en Eyrin skiptir ekki minna máli, í svona litlu samfélagi.

Halldór Ólafsson frá Gjögri hefur tekið við af Eggerti sem bæjarfulltrúi kommúnista á Ísafirði. Við á *Tíðindunum* horfum

þannig á málið að Halldór, með þessari framgöngu og viðhlýta staðfestingu á vilja sínum í baráttunni, væri allt eins til í að liggja ofan í dýpsta gilinu uppi á fjalli, jafnvel á miðjum vetri, ef slík athöfn gæti orðið til þess að greiða götu þeirra sem þurfa að berjast fyrir brauði sínu.

Halldór er svona eins og menn eru almennt til vaxta. Hann er samvinnufús við jafnaðarmenn og virðist horfa þannig á málið að betri sé viðlíka vinur en her óvina.

Í fyrra kom líka fram stefnubreyting hjá kommúnistum gagnvart jafnaðarmönnum, sem nú eru þeirra helstu bandamenn í baráttunni gegn fasísmannum.

Við á Íslandi lútum nú Stjórn hinna vinnandi stétta eins og hún kallast í almennu tali. *Félagstíðindi* sjá ýmis merki um starf ríkisstjórnarinnar, víðsvegar um land. Það er enda ekki sjálfgefið að lifa nú um stundir, hvað þá í sátt og samlyndi við alla menn.

Við vonum að þetta bjargist allt saman. Það eru teikn á lofti um að þetta komi allt til með að bjargast.

*Hinfinnur Fálki Hinfinnsson,
fréttaritari Félagstíðinda í Veturhólmum við Ystustrendur,
veturinn 1937*



BEIN ÚTSENDING FRÁ VEÐRAGNÝ Á ÍSAFIRÐI – BÆJARFULLTRÚI KOMMÚNISTA Í ODDAADSTÖÐU.

Hér á Eyrinni skipast veður stundum fljótt í lofti og nú er það ekki í háloftunum heldur fyrir neðan lægstu ský, þar sem við öndum að okkur ilminum af næsta manni á götum Ísafjarðar.

Kommúnistar hafa semsagt neitað að styðja fulltrúa Alþýðuflokksins í kosningum í stöður og nefndir. Eggert Þorbjarnarson kýs sjálfan sig eða situr hjá og þarf hlutkesti á milli Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins til að skera úr um niðurstöðuna. Með nokkuð æsilegum hætti og fáeinum hrópum og hrossakaupum í tilfinningalífi viðstaddra vinna Sjálfstæðismenn flest hlutkestin og fá bæði forseta bæjarstjórnar og bæjarstjórastólinn.

Þetta er áfall fyrir jafnaðarmenn og deila þeir mjög á kommúnista fyrir að bregðast samstöðu verkalýðsins. Við hjá *Félagstíðindum* kennum samt veðrinu um, enda getur það oftár en ekki verið eins og andskotinn.

Finhinnur Ugly Finhinsson,

fréttaritari Félagstíðinda á Drúpnastöðum við Eilífðarhlað, 1938

ÍSFIRÐINGAR VILJA EKKI NASISTA.

Rétt eins og í öðrum löndum Evrópu virðist finnast fólk hér vestra sem er tilbúið að klæða sig í nasistabúning sé hann nógu vel á það sniðinn. Að vísu eru klæðskerarnir af skornum skammti og lítið um sæmilegt búningatau, svo nasistarnir eru enn sem komið er fámennir í hóp okkar Ísfirðinga.

Í allri raun höfum við heldur ekki úr miklu að móða hér á Vestfjörðum til að praktisera þessa pólitísku stefnu sem virðist orðin svo vinsæl í Mið-Evrópu. Hvort sem ástæðan þar um slóðir er sú að fólk finnist sjálfsagt að herja með ofbeldi á samborgara sína, eða hvort það er múghrætt við yfirboðarana



sem hrópa svo óskaplega í gjallarhornin sín, skal ósagt látið.

Það er í hið minnsta vandséð að við Vestfirðingar förum að koma á fót útrýmingarbúðum fyrir fólk í næsta dal, jafnvel þótt við þykjumst stundum eiga sitthvað ósældað við það.

Vitanlega gætum við hér í Djúpi með svolitilli einbeitni og talsverðri einurð farið að líta til næstu þjóða og byrjað að ímynda okkur að þær séu vondar þjóðir, til dæmis Færeyingar og Grænlandingar, því þær eru jú fámennar báðar tvær og væri eflaust hægt að vinna þær í stríði ef við værum mjög dugleg að tína heykvíslarnar okkar út úr fjósunum og róa yfir sjóinn á árabátunum eða togurunum okkar, öll þjóðin samankomin á nokkrum bátum á hafi úti. Þá gætum við líklega farið að sauma búninga af miklum móð, og skera út medalíur úr fjörugrjóti til að næla í jakkaboðana.

Okkur á *Félagstíðindunum* hefur jafnvel dottið í hug hvort ekki mætti sauma þessa búninga úr þangi svo af herjum okkar fyndist sterk og mjög arísk sjávarlykt af harðgeru kyni við nyrsta haf.

Við erum nú bara að grínast hér í Ylhvammi við Djúp, fyrir ykkur lesendur að *Félagstíðindum*.

Það er blessunarlega komið í ljós að Ísfirðingar vilja ekki fá nasista upp á sviðið sitt. Fjöllin hér hafa enga þolinmæði fyrir slíku, og fólkíð ekki heldur. Nokkrir ungir menn í búningum buðu sig nýverið fram og héldu fund á Ísafirði undir merkjum nasismans en jafnaðarmenn brugðust hart við og héldu útifund gegn þessu öllu saman með fagnaðarklappi í Baldurssölum. Burt með þennan lýð, varð þar einróma niðurstaða. Við viljum enga nasista hér í Djúpi.

Sólfinnur Hinfinnson í Ylhvammi við Djúp, fyrir Félagstíðindi, undir sólmyrkva veturinn 1938



RAUÐI BÆRINN ÍSAFJÖRÐUR

Líkt og fáum sem fylgjast með íslenskum þjóðmálum nú um stundir ætti að koma á óvart staðfestir nýlegt manntal á Íslandi að Ísafjörður er sá bær á vestanverðu landinu sem hvað ríkulegast eflist að fólksfjölda og atvinnusköpun. Nú í upphafi síðari heimsstyrjaldar munu um 2.800 manns vera skráðir til heimilis hér í bæ og er það fjölgun um hart nær fjögur hundruð íbúa á síðustu tíu árum.

Ísafjörður er enn sem fyrr eini kaupstaðurinn á Vesturlandi og ber mannlíf og menning hér vitni um mikla grósku við Djúpið. En hér er líka hart tekist á um málefnin. Það verður seint sagt að lognmolla ríki í baráttu mannanna um brauðið og kjörin.

Allt frá því að Skúli Thoroddsen sýslumaður var dæmdur frá embætti af landshöfðingjavaldinu í Reykjavík fyrir hart nær hálfrí öld hefur hatrömm stjórnmalabarátta einkennt Ísafjörð.

Jafnaðarmenn tóku við kyndlinum frá Skúlamönnum og róttækustu þjóðfrelismönnum í byrjun 20. aldar og sameinuðu þá baráttu nýjum aðstæðum. Svo margt hefur gerst síðan í upphafi aldar að stóru skógarnir erlendis hefðu vart við að vaxa ætti að búa til pappír til að skrásætja þetta allt saman.

Sósíalisminn er stór þáttur af bæjarlífinu á Ísafirði eins og heimssögunni allri síðustu fjörutíu árin.

Við sem höfum yljað lífsandanum á Ísafirði erum á meðal þeirra fyrstu til að fá alþýðustjórn til að draga tauminn hér á landi. Á síðasta áratug hófu konur og karlar að taka höndum saman innan verkalýðsfélaganna og mörkuðu með því nýja stefnu í baráttu verkafólks á Íslandi.

Allt getur gerst á Ísafirði, eins og við vitum. Ef ekki hér, þá hvar annars staðar í heiminum?

Við á Eyrinni og í Hlíðinni og inni á Dal búum hluta af ári í skugganum af fjallinu og njótum ekki sólarinnar eins og fólk sem býr á sunnlægari slóðum. Við erum mörkuð af

heimkynnum okkar og tökum dvalarstað okkar því sem næst sem sjálfsögðum hlut, þótt ævinlega séum við meðvituð um gæði hans jafnt sem gæðaleysi.

Undirlendi er ekki mikið, en í sálarlífi fólks sem reist hefur líf sitt hér á Eyrinni er sterkari undirstaða en á margri sólríkri ströndinni þar sem fólk brosir allt árið framan í geislana sem brenna ofan í haf. Við erum harðger og höldum þétt í næsta mann. Þannig á það að vera.

Það er því engu logið þegar því er slegið fram að Ísafjörður sé fyrsti Rauði bærinn á Íslandi. Jafnaðarmenn komust hér fyrst í meirihluta í bæjarstjórn árið 1921 og voru það einkum verkalýðsfélagin, iðnaðarmenn og góðtemplarar sem leiddu þann sigur. Síðan hefur Rauða stjórnin látið mjög til sín taka í bæjarlífinu, ekki síst undir forystu þeirra Vilmundar Jónssonar héraðslæknis og Finns Jónssonar póstmeistara, sem lengi var formaður í Verkalýðsfélaginu Baldri.

Hér á árum áður átti Hæstakaupstaðarverslunin ásamt Neðstakaupstað flestar bryggjur í kaupstaðnum.

Jafnaðarmenn hófu á þriðja áratugnum átak í að byrja að kaupa þessar bryggjur upp. Byggt var nýtt sjúkrahús eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar, sem tekið var í notkun árið 1925.

Í landi Seljalands í Skutulsfirði var þá reist nýtísku kúabú með 27 kúm og rekið á vegum bæjarfélagsins.

Þegar bankarnir og útgerðin seldu burt helminginn af bátaflota bæjarins sama ár stofnuðu jafnaðarmenn Samvinnufélag Ísfirðinga.

Samvinnufélagið lét byggja sjö nýja vélbáta að 40-45 tonna stærð. Þeir síðustu af þeirri gerð komu á Ísafjörð í árslok 1929.

Á meðal þessara framkvæmda fékk Samvinnufélagið til afnota fiskverkunaraðstöðu í Turnhúsinu í Neðstakaupstað.

Smátt og smátt tryggðu jafnaðarmenn sér yfirburðastöðu í bænum, ekki aðeins með ítökum sínum í bæjarstjórn heldur einnig í flestu stóru fyrirtækjunum sem hér starfa.

Samvinnufélagið var lengi vel eitt helsta útgerðarfyrirtækið

á Eyrinni og hélt sinni stöðu sem slíkt út fyrsta aldarfjórðung tuttugustu aldar. Ásamt Samvinnufélaginu eignaðist Kaupfélag Ísfirðinga svo stærstan hlut í útgerðarfélaginu Nirði hf.

Hlutafélagin komu til Ísafjarðar eins og í alla aðra kaupstaði í heiminum.

Á fjórða áratugnum hóf Njörður að gera út fimm minni báta sem flestir fiskuðu mjög vel í hlutfalli við stærð sína.

Öll hefur þessi starfsemi verið undir stjórn jafnaðarmanna.

Árið 1936 kom bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á fót fyrstu rækjuverksmiðjunni á Íslandi og tók samhliða yfir togarafélag bæjarins í samstarfi við einkaaðila.

Við sem sitjum úti á Ystruströndum og skrifum þessi orð á nokkur blöð sem líkast til verða orðin krumpuð þegar þau koma til Ísafjarðar, við tyllum okkur stundum á ský og hugsum með okkur hvað við eigum að segja um þetta allt saman.

Líklega er niðurstaðan sú að Ísafjörður er jafnaðarmannabær. Rauður bær. Ítök Finns Jónssonar og hans hugmyndafræði og áhrif inn í bæjarlífið hafa haft ómælt að segja um hvernig verkalýðsfélögunum hefur undið fram og sjálfu atvinnulífinu.

Karítas Skarphéðinsdóttur laust hér niður eins og eldingu sem litaði Eyrina logum þegar allt virtist búið, eins og svo löngum fyrr, undir langvarandi rigningu.

Við sem skiljum 20. öldina ekki ennþá af fullri skarpskyggni höldum þó áfram að fylgjast með og segjum þetta líklega gott að sinni héðan úr Baldurssölum og úr Grjótspunahlið og af Ystruströndum.

Það mun eitthvað meira gerast sem ekkert okkar órar fyrir. Um það, þó ekki sé meira, getum við verið viss. 21. öldin mun eflaust koma, þótt okkur finnist það óhugsandi.

Við fréttaritara*r Félagstíðinda* sendum öllu fólki við Djúp, suður á Barðaströnd og vestur Strandir, upp í Jökulfirði og norður á Hornstrandir, okkar bestu kveðjur frá á þessum snjóþunga aðfangadegi árið 1940. Sumarið kemur aftur fyrr en varir, þangað til:

Hinfinnur Fálki Hinfinsson,

fréttaritari Félagstíðinda í Veturhólmum við Ystustrendur



...ég var aldrei barn...

Sýningarstjórn og hönnun: Helga Þórsdóttir

Textavinnsla: Helga Þórsdóttir

Textavinnsla og rannsóknir: Sigurður Pétursson.

Aðstoð og umbrot: Jón Sigurpálsson

Leiktexti: Eiríkur Örn Nordhal

Blaðatexti: Sölvi Björn Sigurðsson

Þýðendur:

Angela Schamberger á þýsku

Jón Bjarni Atlason á þýsku

Gerard Leamquis á frönsku

Petrína Rós Karlsdóttir á frönsku

Helga Soffía Einarsdóttir á ensku

Leikarar:

Bjarni Snæbjörnsson

Kjartan Darri Kristjánsson

Sólveig Guðmundsdóttir

Sólveig Arnarsdóttir

Arndís Hrönn Egilsdóttir

Leikstjórn:

Ásgrímur Sverrisson

Aðstoð við hljóð og mynd: Jóhannes Jónsson

Uppsetning og smíðar: Magnús H. Alfreðsson

Byggðasafn Vestfjarða þakkar aðstoðina:

Ljósmyndasafn Ísafjarðar.

Kvikmyndasafn Íslands.

Þjóðminjasafn Íslands.

Ísmús – Tónlistasafn Íslands.

Hljóðbær / upptaka og hljóðblöndun.

Ættingjar Karítasar Skarphéðinsdóttur.

Sumarstarfsfólki safnsins.

Verkefnið er styrkt af:

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða, Safnasjóður

og Ísafjarðarbær.